

Umsögn um Landsáætlun í skógrækt 2021-2025 (2031) frá stjórn Vistfræðifélags Íslands.

Stjórn Vistfræðifélags Íslands vill í upphafi vísa til þeirra svara sem við skiluðum af okkur þegar til okkar var leitað sem hagaðila þegar landsáætlunin var í vinnslu. Þykir okkur að ekki hafi verið tekið tillit til þeirra atriða sem við bentum þar á að mikilvægt væri að hafa í huga. Má þar nefna áhyggjur okkar af notkun stafafuru án aðgæslu, mikilvægi þess að taka tillit til líffræðilegrar fjölbreytni auk þess sem við lögðum áherslu á að grípa hvorki inni né trufla náttúrulega ferla sem eru að verki og munu líklega reynast áhrifamiklir er kemur að aukinni útbreiðslu náttúrulegs skóglendis.

Stjórn Vistfræðifélags Íslands tekur ennfremur undir þau sjónarmið sem koma fram í minnisblaði með séráliti minnihluta verkefnisstjórnarinnar um landsáætlun í skógrækt, þeirra Tómasar Grétars Gunnarssonar og Salvarar Jónsdóttur, og skilað var til Umhverfis- og auðlindaráðherra.

Vill stjórn Vistfræðifélagsins benda sérstaklega á eftirfarandi atriði varðandi landsáætlun í skógrækt 2021-2025 (2031).

- Sérstaka aðgát þarf að hafa varðandi gróðursetningu aðfluttra tegunda. Í landsáætluninni er fullyrt að ekki séu notaðar framandi, ágengar tegundir í skógrækt á Ísland án þess að styðja þá fullyrðingu neinum heimildum en vert er að benda á að einungis örfáar tegundir hafa verið flokkaðar sem aðfluttar og ágengar á Íslandi sem skýrist, að stórum hluta, af því að frekari rannsóknir skortir. Þegar hefur verið sýnt fram á að stafafura sé framandi, ágeng tegund í sumum nágrannalöndum okkar eins og Svíþjóð (Strand o.fl. 2018) og Noregi (Elven o.fl. 2018). Sterkar vísendingar eru um að stafafura sé ekki síður ágeng tegund á Íslandi, byggt m.a. á B.Sc. verkefni Hönnu B. Guðmundsdóttur (2012) og augljósra breytinga á útbreiðslu stafafuru í Steinadal síðasta áratug en frekari rannsókna er þörf og er óþarfi að taka áhættu áður en niðurstöður liggja fyrir. Vert er að minna á varúðarregluna svokölluðu og þar til staða stafafuru á Íslandi skýrist er sjálfsagt og eðlilegt að beita varúðarreglunni og ekki dreifa tegundum sem hugsanlega eru framandi og ágengar.

- Þegar vísað er til hugtaksins „líffræðileg fjölbreytni“ í Landsáætluninni virðist einkum litið til tegundafjölda án þess að taka tillit til tegundasamsetningar og uppruna auk þess sem málín eru að óþörfu flækt með öðru/sama hugtaki sem vísað er til sem „líffjölbreytni“. Samningur sameinuðu þjóðanna um líffræðilega fjölbreytni (Convention on Biological Diversity - CBD) er þýtt sem samningurinn um líffjölbreytni meðan erindisbréf ráðherra vísar til líffræðilegrar fjölbreytni. Það er mikilvægt að gera sér grein fyrir að líffræðileg fjölbreytni snýst ekki einvörðungu um tegundafjölda heldur ekki síður sérstöðu náttúrulegra vistkerfa, tegunda eða stofna. Þannig er þekkt að vistkerfi eyja eru oft fábreyttari en sambærileg vistkerfi meginlanda og felst þá verndun líffræðilegrar fjölbreytni í verndun þeirrar sérstöðu.

- Taka þarf tillit til margvíslegra þátta þegar jákvæð áhrif ætlaðrar kolefnisbindingar skógræktar eru metin. Margir vísindamenn hafa undanfarið bent á mikla óvissu varðandi ávinning skógræktar sem loftslagsaðgerðar í Evrópu og víðar (sjá t.d. Baldocchi & Penuelas 2019, Friggens et al. 2020, Luysaert et al. 2018, Naudts et al. 2016). Stjórn Vistfræðifélagsins

útilokar ekki að skógrækt geti verið ein þeirra aðgerða sem draga úr styrk koltvísýrings í andrúmslofti hér á landi en langtímaáhrifin hljóta að fara eftir hvers konar skógrækt er um að ræða og ekki síður til hvers afurðirnar eru nýttar. Félagið hvetur til aukinna rannsókna á áhrifum mismunandi skógræktar áður en ráðist er í umfangsmikla skógrækt í nafni loftslagsaðgerða til að ganga úr skugga um að tilætlaður árangur náist. Einnig þarf að tryggja að aðgerðir til að stemma stigu við loftslagsbreytingum skapi ekki önnur vandamál og ógni líffræðilegum fjölbreytileika.

- Vert er að benda á mikilvægi náttúrulegra ferla og að hagfelldast sé að náttúrulegir birkiskógar dreifi sér af sjálfsdáðum. Til að slíkt gerist án „truflunar“ þarf landsáætlunin að afmarka stærri landslagsheildir og svæði þar sem birki er í framrás og mæla gegn skógrækt með innfluttum tegundum á þeim svæðum.

F.h. stjórnar Vistfræðifélags Íslands, 18. júní 2021

Freydís Vigfúsdóttir, formaður og Starri Heiðmarsson

Heimildir:

Baldocchi, D., & Penuelas, J. (2019). The physics and ecology of mining carbon dioxide from the atmosphere by ecosystems. *Global Change Biology*, 25(4), 1191–1197. <https://doi.org/10.1111/gcb.14559>

Elven R, Hegre H, Solstad H, Pedersen O, Pedersen PA, Åsen PA og Vandvik V (2018, 5. júní). *Pinus contorta*, vurðing av økologisk risiko. Fremmedartslista 2018. Artsdatabanken. Hentet (2021, 16. júní) fra <https://www.artsdatabanken.no/Fab2018/N/538>

Friggens, N. L., Hester, A. J., Mitchell, R. J., Parker, T. C., Subke, J. A., & Wookey, P. A. (2020). Tree planting in organic soils does not result in net carbon sequestration on decadal timescales. *Global Change Biology*, 26(9), 5178–5188. <https://doi.org/10.1111/gcb.15229>

Hanna B. Guðmundsdóttir, (2012). Útbreiðsla stafafuru (*Pinus contorta*) undir Staðarfjalli í Suðursveit. Háskóli Íslands.

Luyssaert, S., Marie, G., Valade, A., Chen, Y. Y., Njakou Djomo, S., Ryder, J., Otto, J., Naudts, K., Lansø, A. S., Ghattas, J., & McGrath, M. J. (2018). Trade-offs in using European forests to meet climate objectives. *Nature*, 562(7726), 259–262. <https://doi.org/10.1038/s41586-018-0577-1>

Naudts, K., Chen, Y., McGrath, M. J., Ryder, J., Valade, A., Otto, J., & Luyssaert, S. (2016). Mitigate Climate Warming. *Science*, 351(6273), 597–601.

Strand, M., Aronsson, M., & Svensson, M. 2018. Klassificering av främmande arters effekter på biologisk mångfald i Sverige – ArtDatabankens risklista. ArtDatabanken Rapporterar 21. ArtDatabanken SLU, Uppsala.